

Efni: Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara o.fl., 694. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2015, þar sem óskað er eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um ofangreint þingmál.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur haft viðtækt samráð við Bændasamtök Íslands við vinnslu frumvarpsins og fjallað hefur verið um það áður á vettvangi samtakanna. Þá hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda á fyrri stigum. Bændasamtök Íslands hafa nú fjallað um það frumvarp sem nú liggur fyrir og vilja benda á eftirfarandi.

3. gr.

Bændasamtök Íslands eru fylgjandi því að reglur um meðferð ónýtttra beingreiðslna verði skýrðar. Lögð er áhersla á að lagalegri óvissu um ráðstöfun þessara fjármuna út gildistíma sauðfjársamnings verði eytt við þessar breytingar. Samtökin óska eftir því að haft verði samráð við Landssamtök sauðfjárbænda við samningu þeirrar reglugerðar sem um ræðir.

4. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæðið en Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að áhættuflokkun vegna frumframleiðslu fari að líta dagsins ljós. Þá er og minnt á að búfjártalning 2014 misheppnaðist og ekki liggur fyrir hvernig MAST hyggst bæta úr því.

11. gr.

Bændasamtök Íslands hafa á fyrri stigum gert athugasemdir við þetta ákvæði. Samtökin hafa lagt og leggja enn áherslu á að Matvælastofnun verði skylt að bjóða starfsmönnum Bændasamtaka Íslands sem sinnt hafa umræddum verkefnum sambærileg störf hjá stofnuninni.

Í þessu ákvæði og í athugasemdum kemur fram að flutningnum eigi að vera lokið fyrir 1. janúar 2017. Það hefur verið skilningur Bændasamtaka Íslands að flutningnum eigi að vera lokið 1. janúar 2016, sbr. og samnings BÍ, ANR og MAST, dags. 22. desember 2014, þar sem segir í 8. gr. að samningsaðilar séu sammála um að flutningi stjórnsýsluverkefna skuli vera lokið fyrir 1. janúar 2016. Óskað er skýringum á því hverjar fyrirætlanir stjórnvalda í málinu eru í raun.

Þrátt fyrir það sem fram kemur í athugasemdum hér að ofan eru Bændasamtökin þeirrar skoðunar að framkvæmd þeirra stjórnsýsluverkefna sem frumvarpið leggur til að verði flutt frá samtökunum sé betur komið fyrir í sjálfstæðri stofnun sem heyri undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Samtökin gera ekki athugasemdir við að verkefni séu flutt frá þeim en hafa miklar efasemdir um að umsýsla stuðningsgreiðslna í landbúnaði falli að þeim verkefnum sem Matvælastofnun hefur nú þegar með höndum. Stofnunin sinnir fyrst og fremst eftirliti og það fer ekki vel saman við verkefni sem fremur eru í ætt við þjónustu eins og útgreiðslur styrkja. Bændasamtökin gera því athugasemdir við að verkefni eigi að flytjast beint undir Matvælastofnun. Samtökin gera jafnframt þá kröfu að breytingin leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir bændur og leggja áherslu á að framkvæmd verkefnanna gagnvart þeim gangi greiðlega fyrir sig.

Búnaðarþing 2015 ályktaði um málið og fer ályktunin hér á eftir

Búnaðarþing 2015

Mál nr. 25

Búnaðarstofa

Markmið og leiðir

Búnaðarþing 2015 krefst þess að fallið verði frá áformum um að verkefni Búnaðarstofu heyri undir Matvælastofnun. Þess í stað verði hún sjálfstæð stofnun sem heyri undir ráðuneyti atvinnamála. Að mati Búnaðarþings samræmist eftirlitshlutverk Matvælastofnunar ekki þeim stjórnarsýsluverkefnum sem Búnaðarstofu er ætlað að sinna.

Framgangur

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir af fullum þunga.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum (694. mál).

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum, á þingskjali 1168.


Félag atvinnurekenda tekur undir nauðsyn þess að skýra línur og færa lögbundin stjórnarsýsluverkefni frá Bændasamtökum Íslands til undirstofnana atvinnuvegaráðuneytisins. Að fela hagsmunasamtökum stjórnarsýsluverkefni sem fjármögnuð eru af skattfé og eiga að vera unnin af hlutlægni er ótækt, eins og Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á.

FA fagnar því sömuleiðis að í þágu einföldunar regluverks og til að minnka skrifræði verði verðskerðingargjald fellt niður. Félagið er raunar þeirrar skoðunar að taka mætti til hendinni mun rækilegar í millifærslufrumskógi landbúnaðarkerfisins.

Í frumvarpinu er ráð fyrir því gert að Matvælastofnun verði falið að safna og birta upplýsingar um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu. FA bindur vonir við að það leiði til þess að upplýsingaöflunin verði vandaðri og miðlun upplýsinganna opnari og gegnsærri en verið hefur, á meðan það var hlutverk Bændasamtakanna að safna og miðla upplýsingunum.

FA mælir með samþykkt frumvarpsins en áskilur sér þó rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Eyjafirði, 13. maí 2015

Efni: Umsögn Landssambands kúabænda um frumvarp til breytinga á lögum nr. 99/1993 o.fl. 694. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015

Landssambandi kúabænda (LK) hefur borist beiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um umsögn við framangreint frumvarp. Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið og leggja til að **frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt**.

Aðalfundur Landssambands kúabænda 2015 samþykkti svofellda ályktun:

Aðalfundur Landssambands kúabænda haldinn í Reykjavík 12.- 13. mars 2015 krefst þess að fallið verði frá áformum um að verkefni Búnaðarstofu heyri undir Matvælastofnun. Þess í stað verði hún sjálfstæð stofnun sem heyri undir ráðuneyti atvinnumála.

LK væntir þess að atvinnuveganefnd taki mið af framangreindum sjónarmiðum kúabænda við þinglega meðferð frumvarpsins.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum. Þau eru jafnframt tilbúin til að funda um efnið með atvinnuveganefnd verði þess óskað.

Fyrir hönd Landssambands kúabænda,



Baldur Helgi Benjamínsson

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda

Alþingi
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfoss, 18. maí 2015
Tilvísun: MAST15050054

Efni: Umsögn um frumvarp til laga - þingskjal 1168 – 694. mál.

Vísað er til erindis frá 6. maí sl. vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum (stjórnsýsluverkefni, ónýttar og skertar beingreiðslur, gæðastýrð sauðfjárframleiðsla).

Matvælastofnun er að mestu leyti sammála framkomnu frumvarpi, þó með þeirri undantekningu að stofnunin telur að gera verði breytingar á 5. og 7. gr. frumvarpsins, þannig að öðrum en Matvælastofnun verði falið það hlutverk að afla upplýsinga um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu sem og áætlanagerð um framleiðslu og sölu búvara.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að við ákvörðun um greiðslumark skuli byggja á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar síðustu tólf mánuði og áætlun Matvælastofnunar fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða. Þá segir í ákvæðinu að Matvælastofnun skuli byggja áætlun fyrir komandi verðlagsár á upplýsingum frá afurðarstöðvum.

Í 7. gr. segir að Matvælastofnun skuli safna upplýsingum og birta ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu. Þá skal Matvælastofnun gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara. Samkvæmt 2. mgr. er öllum þeim sem hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara skylt að láta stofnuninni í té allar upplýsingar sem að gagni geta komið við störf stofnunarinnar og þeir geta veitt, þar með talið upplýsingar um verð búvöru til framleiðenda.

Í frumvarpsdrögum sem Matvælastofnun fékk til umsagnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu var hinsvegar ráðgert að sambærilegt lagaákvæði um núverandi upplýsingasöfnun Bændasamtaka Íslands félli alfarið brott og því gerði stofnunin ekki athugasemdir við þessi efnisatriði við meðferð málsins hjá ráðuneytinu.

Matvælastofnun telur að skoða verði aðra möguleika, um hvernig standa skuli að upplýsingaöflun og áætlanagerð, en þeim sem kveðið er á um í frumvarpinu. Ljóst er að stofnunin er ekki vel til þess fallinn að sinna þessu verkefnum og er það byggt á eftirfarandi sjónarmiðum:

- Þrátt fyrir að Matvælastofnun séu falin margvísleg verkefni í tengslum við búvörulög nr. 99/1993, þ.m.t. að halda utan um upplýsingar um greiðslumark, búfjárfjölda og aðrar greiðslur til bænda, hefur stofnunin ekki yfir að ráða upplýsingum eða kerfum til að nálgast upplýsingar um framleiðslu búvara, né um vinnslu þeirra eða sölu – enda liggja slíkar upplýsingar hjá hagsmunaaðilunum sjálfum.
- Matvælastofnun hefur aldrei komið að áætlanagerð með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að ætla stofnuninni að útbúa áætlanir um framleiðslu og sölu búvara er einkennileg ráðstöfun, enda hafa slíkar hagfræðilegar greiningar aldrei verið á verksviði stofnunarinnar og hún hefur aldrei í störfum sínum þurft að gefa út áætlanir eða spár.
- Enginn þekking eða reynsla er hjá starfsmönnum Matvælastofnunar til að sinna þessum verkefnum og fyrirséð að þessi upplýsingaöflun og áætlanagerð á sér ekki neinn samhljóm með núverandi verkefnum stofnunarinnar. Byggja þyrfti því upp ný kerfi og nýtt verklag til að sinna þessum verkefnum, án þess að það nýtist kjarnastarfsemi stofnunarinnar.
- Í þeim drögum sem Matvælastofnun fékk til skoðunar á fyrri stigum var ráðgert að fella þetta ákvæði úr lögnum og var svohljóðandi texti af þeim sökum færður í athugasemdir: „Í núgildandi ákvæði laganna er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands safni og gefi út upplýsingar um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu. Samkvæmt lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð er Hagstofu Íslands falið að afla gagna til opinberrar hagskýrslugerðar, en stofnunin hefur fengið framangreindar upplýsingar frá Bændasamtökum Íslands, en stofnunin hefur einnig heimildir til að afla frekari upplýsingar til hagskýrslugerðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 163/2007. Þar sem Hagstofu Íslands er þegar falið það hlutverk að afla framangreindra upplýsinga er gert ráð fyrir að ákvæði 77. gr. laganna verði fellt brott.“


Matvælastofnun er ekki kunnugt um afhverju breyting var gerð að þessu leyti á frumvarpinu, en leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að fela Hagstofunni þetta hlutverk eins og ráðgert var í fyrstu. Það rýmar líka við skoðanir þeirra aðila sem skoðuðu yfirfærslu verkefna frá Bændasamtökunum. En í þeirri vinnu komu fram þær hugmyndir að heppilegast væri að fela Hagstofu Íslands verkefnið.

- Þá verður að hafa í huga að upplýsingar sem fengnar eru í gegnum áætlanagerð þá sem kveðið er á um frumvarpinu munu hafa víðtæk áhrif við ákvörðunartöku í

tengslum við framleiðslumagn og aðra þætti er snúa að framkvæmd búvörulaganna. Matvælastofnun telur því rétt að þessu atriði sé gefin meiri gaumur og fengnir verði aðilar sem hafi víðtæka reynslu og þekkingu á hagskýrslugerð og hagfræðilegum greiningum til að sinna verkefnum. Enda eru verkefniin nátengd stefnumörkun á sviði landbúnaðarmála og hagsmunagæslu ríkisins og Bændasamtakanna.

Af framangreindum ástæðum leggur Matvælastofnun til að 5. og 7. gr. frumvarpsins verði breytt, án þess þó að stofnunin hafi skýra hugmynd eða tillögu um hvernig heppilegast sé að útfæra slíka breytingu. Í þessari afstöðu endurspeglast etv. það þekkingarleysi sem til staðar er hjá stofnuninni og undirstrikar ennfrekar þörfina á að endurskoða ákvæðin.

F.h. Matvælastofnunar,



Viktor S. Pálsson.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2015

Efni: Umsögn um Þingskjal 1168 – 694. mál Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum.

Frumvarpið barst Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dagsett 6.5.2105.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði gera ekki athugasemdir við frumvarpið í heild sinni, en vilja koma á framfæri athugasemdum vegna fimmtu og sjöundu greinar frumvarpsins.

Í fimmtu og sjöundu grein eru lagðar til breytingar á verkefnum sem hafa verið unnin af Bændasamtökum Íslands samkvæmt lögum númer 99/1993, en einnig samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar (gildir til 31. desember 2016). Frumvarpið leggur til lagabreytingu sem ekki samrýmist þriðju grein samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, en viðræður milli ríkisstjórnar Íslands og BÍ um nýjan samning munu hefjast innan skamms.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa átt langt og farsælt samstarf við Bændasamtök Íslands um framkvæmd 52. og 77. gr. laga númer 99/1993. Sérstakur samningur, staðfestur af landbúnaðarráðherra, er í gildi um samstarfið. Verði verkefnin flutt frá Bændasamtökum Íslands fellur samningurinn niður og framkvæmd afmarkaðra verkefna verður í óvissu.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hvetja til þess að lagabreytingar samkvæmt fimmtu og sjöundu grein frumvarpsins komi ekki til afgreiðslu áður en nýr samningur milli Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnar Íslands, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, hefur verið samþykktur.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Bjarni R. Brynjólfsson, skrifstofustjóri SAM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum (stjórnsýsluverkefni, ónýttar og skertar beingreiðslur, gæðastýrð sauðfjárframleiðsla).

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að einfalda og skýra tiltekin ákvæði búvörusamnings og verða við óskum Ríkisendurskoðunar um að flytja stjórnsýsluverkefni frá Bændasamtökum Íslands til undirstofnana ráðuneytisins.

Samtökin gera ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Framlagning þess gefur hins vegar tilefni til að velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að nota tækifærið og heimila ráðherra að útvista að hluta til eða að öllu leyti þeim verkefnum Matvælastofnunar (MAST) öðrum en stjórnsýsluverkefnum sem snúa að framkvæmd eftirlits á grundvelli ákvarðana hins opinbera.

Í ljósi almanna heilla og til að tryggja velferð dýra mætti til að byrja með huga að útvista til dýralækna á einkamarkaði og faggiltra skoðunarstofa eftirlitsverkefni sem dýralæknar hjá MAST annast nú.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum (694. mál)

Viðskiptaráð þakkar atvinnuveganefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stjórnarsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa sinnt verði flutt til Matvælastofnunar.

Viðskiptaráð styður þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu. Telja verður óeðlilegt að Bændasamtökum Íslands sé falið opinbert vald sem felst m.a. í ákvörðunum um opinberar greiðslur til bænda, útreikningi, afgreiðslu og eftirliti með framkvæmd þeirra. Slík verkefni verða að vera á höndum hlutlauss aðila. Þar með er þó ekki sagt að verkefnin þurfi að vera á höndum opinberra aðila. Tekur Viðskiptaráð undir það sem fram kemur í umsögn Samtaka atvinnulífsins um að frumvarpið gefi tilefni til að velta upp þeirri spurningu hvort útvista megi hluta verkefna Matvælastofnunar til einkaaðila, til að mynda dýralækna á einkamarkaði.

Loks fagnar Viðskiptaráð þeirri einföldun regluverks sem frumvarpið kveður á um og telur að ganga mætti lengra í þeim efnum á sviði landbúnaðarmála.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands